

ÝMSIR ÞÝDDIR OG STÆLDIR TEXTAR

Sumir af þessum textum eru stælingar og staðfærslur á textum eftir bandaríska háðfuglinn og stærðfræðinginn Tom Lehrer, aðrir hafa verið settir saman í tengslum við popparaferil höfundarins.

BERNADETTA BRJÓSTKALDA

(Sbr. Irish Ballad eftir Tom Lehrer)

Um stúlku syng ég nú lítið ljóð,
syng ríkkítí, tikkítí tap.

Um stúlku syng ég nú lítið ljóð
sem lastanna fetaði beina slóð
og þetta var aldeilis ferlegt fljóð
því fjölskyldu sína hún drap,
hún drap,
því fjölskyldu sína hún drap.

Hún byrjaði mömmunni banadrykk,
syng ríkkítí, tikkítí tá.
Hún byrjaði mömmunni banadrykk
og brosandí fékk af því rosakikk.
Sú gamla saup hann og sagði: „Hikk.“
Og svo varð hún græn og blá,
og blá,
og svo varð hún græn og blá.

Einn dag þegar hún var dáldið spræk,
syng ríkkítí, tikkítí tíð.
Einn dag þegar hún var dáldið spræk
þá drekkti hún pabba sínum í læk
því karlinn hafði einhvern helvítis kæk
sem hún kunni alls ekki við,
ei við,
sem hún kunni alls ekki við.

Einn dag þegar hún var að sviða svið,
syng ríkkítí, tikkítí tafl.
Einn dag þegar hún var að sviða svið
og systir hennar rétt kom þar við
þá hjó hún af henni höfuðið
og henti því svo út á skafl,
á skafl,
og henti því svo út á skafl.

Og litla bróður hún beit og sló,
syng ríkkítí, tikkítí tennt.
Og litla bróður hún beit og sló
og barði og lamdi uns greyið dó
því hann hafði fengið af höggum nóg
og hálsinn var kominn í tvennt,
í tvennt,
og hálsinn var kominn í tvennt.

Er amma gamla var orðin grett,
synt ríkkítí, tikkítí tat.
Er amma gamla var orðin grett
og ekki sérlega mittisnett
þá gerð hún úr henni gómsætan rétt
og gestum svo bauð í mat,
í mat,
og gestum svo bauð í mat.

Og þegar löggan svo leit þar inn,
syng ríkkítí, tikkítí tind.
Og þegar löggan svo leit þar inn
hún lá uppi í rúmi með bangsann sinn
og viðurkenndi strax verknaðinn
því hún vissi að lygi er synd,
er synd,
hún vissi að lygi er synd.

Nú verður þetta ekki lengra ljóð,
syng ríkkítí, tikkítí tekk.
Nú verður þetta ekki lengra ljóð.
Mér líkaði vel hvað þið sátuð hljóð.
Ef ykkur fannst sagan ekki góð
þá afleitan hafið þið smekk,
já, smekk,
bara alls engan listrænan smekk.

VEIÐIFERÐIN

(sbr. Hunting Song eftir Tom Lehrer)

Ég mun eflaust aldrei gleyma
er ég var eitt sinn staddur heima
og ég fór í veiðiferð
með fína byssu af nýrri gerð.
Ég miðaði og hleypti af og hitti líka flest:
Tíu rjúpur, tvær-þrjár hænur, tarf og hest.

Þú ert kannski heldur hissa
en þetta er heljarmikil byssa
og ég er snöggur bæði og snar
og það varð snögg um hænurnar.
En hestinn átti bóndi sem að býr við heiðina
og sem boðið hafði mér í veiðina.

Hann komst að þessu og kærði
mig karlinn og ég lærði
af þessu að ég þarf að vanda mig næst.
Það er voða ljótt að veiða
varphænur og meiða
þarfana er þörfin stendur sem hæst.

En ef einhver er að byrja
sem um aðferð vill mig spyrja
skal ég gjarna gefa ráð
svo menn geti náð í bráð:

Það er best að skjóta og skjóta á hvað sem er.
Skjóttu bara á allt sem hreyfist
svo ekkert fari framhjá þér.

HIÐ STÓRA SNJALLA STEFNISBAND

(Sbr. Alexander's Ragtime Band)

(Notað um tíma sem upphafslag hljómsveitarinnar *Stórsveit Stefnis*, en í henni voru oftast um 8–10 af eftitöldum, stundum fleiri og stundum færri: Atli Guðlaugsson, Ásgeir Eiríksson, Grímur Grímsson, Höskuldur Þráinsson, Jóhann Már Jóhannsson, Jón Ívars, Júlíus Guðmundsson, Kristinn Snævar Jónsson, Kristján Finnsson, Ólafur Geir Svverrisson, Ólafur Karvel Pálsson, Pétur Haraldsson, Sigurður Marteinsson.)

Þið sjáið hér, þið sjáið hér
hið stóra, snjalla Stefnisband.
Og bandið er, og bandið er
eitt það besta hér um land.
Það vill spila af stakri snilld svo menn skáli
og skemmti sér
og skrattinn eigi þann sem að burtu fer
fyrir en að ballið búið er.
Já, það finnst mér.

Og farið nú, og farið nú
fram á gólfið öll í kös.
Hvað gerir til, hvað gerir til
þótt gamlir karlar blási úr nös.
Og ef þið skylduð vilja skemmta ykkur
eins vel aftur
þá munið þið, þá munið þið
þetta stóra Stefnisband!

JÁ, ÞAÐ ER ALLTAF MIKIÐ FJÖR

(Sbr. *Stuðmannalagið* Söngur dýranna í Týról)

Já það er alltaf mikið fjör hjá Stórsveit Stefnis.
Nú standa húsin bara auð, allt fólkið hér.
Við skulum djamma fram á nótt
og dansa saman
dansana sem hann Heiðar kenndi mér:

Skottís, polka, tangó, ræl og rúmbu eða sömbu,
rokk og tvist og hringdans eða vals.

Jodlí jodlí jo í hí, jodlí jodlí jo ú hú,
mjá, mjá, mjá, mjá, cha-cha-cha ...